**Kópavogsbær**
Formaður leikskólanefndar Kópavogs
Fannborg 2
200 Kópavogur

Kópavogur, 23. mars 2011

**Aukinn niðurskurður á leikskólum Kópavogs**

Á fundi bæjarráðs þann 10. mars 2011 var samþykkt annars vegar að þjónustusamningur við Kjarrið, sem rennur út þann 31. júlí nk. verði ekki endurnýjaður. Hins vegar var leikskólastjórum falið að ná fram 7 milljón króna sparnaði sem vantar upp á hagræðingarkröfu skv. fjárhagsáætlun.

Óskað er eftir því að upplýst sé um:

1) Af hverju stafar þessi auka 7 milljón króna niðurskurðarkrafa? Er von á því að frekari niðurskurður komi síðar á þessu ári?

2) Var haft samráð eða samvinna á milli starfsmanna á bæjarskrifstofum og leikskólastjóra um hvernig þessi 7 mkr. auka niðurskurður var fundinn út?

3) Var haft samráð eða samvinna á milli starfsmanna bæjarskrifstofa , leikskólastjórnenda eða stéttarfélagsfulltrúa á Kjarrinu, áður en umrædd ákvörðun bæjarráðs var tekin um að endurnýja ekki þjónustusamninginn?

4) Var haft samráð við foreldraráð leikskólans Kjarrið, áður en umrædd ákvörðun bæjarráðs var tekin um að endurnýja ekki þjónustusamninginn?

5) Hvaða áhrif hefur þessi breyting á rekstri leikskólans Kjarrið á skólagöngu barnanna og á foreldra þeirra?

Óskað er eftir svari sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson,
áheyrnarfulltrúi foreldra í leikskólanefnd
Hjallabrekka 36 / Kópavogi